

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómnum, cand. juris Hannesar Thorsteinson og yfirjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmdar skaðabætur greidist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Pálmi prestur Þóroddsson
fyrir ljensjörðina Höfða
gegn

Jóni Þorkelssyni

Nr. 17/1895:

tyrir bænda eignina $\frac{1}{2}$ Bæ.

Dómur:

Mál þetta er í hjerði höfðað af Jóni bónda Þorkelssyni, sem er eigandi að $\frac{1}{2}$ jörðinni Bæ, gegn prestinum Pálma Þóroddssyni sem umráðamanni yfir prests-ljensjörðinni Höfða, út af landamerkjum milli tjeðra jarða, og var málið dæmt í landamerkjadómi Skagafjardarsýslu 9. sept. 1893, og landamerki ákvedin milli Bæjar og Höfða; auk þess var allur málskostnaður, 151 kr. 73 a., lagður á áfrýjanda.

Presturinn Pálmi Þóroddsson hefur áfrýjað málinu hingað vegna Höfða-staðar með stefnu 9. apríl 1895, og hefur hann fengið til þess uppreisn og gjafsóku og skipaðan málfutningsmann; hann hafði og í hjeradi fengið gjafvörn. Hann hefur nú fyrir yfirdóminum krafizt þess, að merkjadómurinn verði dæmdur ómerkur, en til vara, að málskostnaðarákvæði merkjadómsins verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða 151 kr. 73 a. sem merkjadómskostnað, og hvernig sem málið fer, krefst hann þess, að stefndi greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað með 100 kr., þar með talin málfutningslaun til hins skipaða málfutningsmanns hans. Hinn stefndi, Jón Þorkelsson, hefur eigi mætt nje látið mæta hjer fyrir rjettinum, þótt löglega sje stefndur, og verður því að dæma málið eptir hinum framlögðu skjölum og sönnunargögnum samkvæmt N. L. 1—4 — 32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Það kemur greinilega fram í málsskjölunum, að 2 eru eigendur að jörðinni Bæ, hvor að helmingi. Landamerkjamálið er þó að eins höfðað og rekið af öðrum eigandanum, Jóni Þorkelssyni, en allt að einu hljóðar landmerkjadómurinn um jörðina Bæ alla. Þetta er lögleysa samkvæmt 13. gr. sbr. 7. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882, og verður að ónýta dóminn samkvæmt 12. gr. sömu laga og heimvísa málinu. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður, og greiðast 15 kr. af almannaþje sem málfutningslaun til hins skipaða málsfærslumans áfrýjanda fyrir yfir-

dómi. Að því leyti málið í hjerði hefur verið varið með gjafvörn og fyrir yfirdómi sótt með gjafsókn, hefur rekstur þess verið lögmætur.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera ómerkur og heimvísast málinu. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, en sem málfutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, Eggerts Briem, greiðast af almannafje 15 krónur.

Nr. 36/1894:

Sigfús Sveinbjarnarson
gegn

Birni Bjarnarsyni, Þórði Ögmundssyni og Sigurði Þorsteinssyni.

Dómur:

Mál þetta var í hjerði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni tyrir hönd bændanna Björns Bjarnarsonar, Þórðar Ögmundssonar og Sigurðar Þorsteinssonar gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni út af hótunar- og ógnunarorðum hans við tjeða 3 bændur, og var dómur upp kveðinn í því af gestarjettinum 21. sept. 1893 á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða sekt til landskjóds samkvæmt 212. gr. almennra hegningarlaga 100 kr. eða sæta einföldu fangelsi í 30 daga og